



Áveitan

9. tbl. 16. árgangur. September 2022

Ullarvika á Suðurlandi 2022

Haldin verður Ullarvika á Suðurlandi 2. - 9. október n.k.

Miðstöð Ullarvikunnar verður í félagsheimilinu Þingborg en viðburðir fara fram víðar á Suðurlandi.

Að Ullarvikunni standa; Ullarverslunin Þingborg, Þingborgarhópurinn, Spunasystur í Rangárþingi, Uppspuni smáspunaverksmiðja í Lækjartúni og áhugahópur um ræktun feldfjár.

Fyrsta Ullarvikan á Suðurlandi og sú fyrsta sem haldin hefur verið á Íslandi, fór fram fyrir ári síðan og tókst mjög vel.

Fyrsti viðburðurinn á Ullarviku í ár verður litasýning sauðfjár í Árbæjarhjáleigu, þar sem að auki verður boðið upp á kaffi og kökur. Á lokadeginum verður markaður í Þingborg, matarvagnar fyrir utan húsið og líf og fjör. Allar upplýsingar um viðburði og staðsetningu þeirra er að finna á www.ullarvikan.is.



ULLARVIKAN
South Iceland 2022
WOOL WEEK
2. - 9. október

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir odnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur.

Nú er starfsemi sveitarfélagsins komin á fullt skrið eftir sumarið. Leikskólinn Krakkaborg opnaði eftir sumarlokun þann 4. ágúst og skólasetning í Flóaskóla var þann 22. ágúst. Búið er að fullmanna báða skóla og ánægjulegt að hægt var að taka á móti yngstu nemendum Krakkaborgar í aðlögun snemma í ágúst en í sumar og allt fram til 5. ágúst var nokkur óvissa um næga mönnun til að opna ungbarnaeildina.



Nú stendur yfir undirbúningur á innleiðingu nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Farsældarlögin eru leiðarvísir fyrir starfsfólk innan velferðarþjónustu og aðra aðila sem vinna að hagsmunum barna og fjölskyldna um hvernig beri að veita samþættan og snemmtækan stuðning. Lögin setja skyldur og kveða á um samstarf á milli m.a. menntastofnana, heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustu auk lögreglu og íþrótt- og æskulýðsstarfs. Samstarf þessara aðila getur haft grundvallarþýðingu fyrir þau börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa á stuðningi að halda til að tryggja velferð og farsæld til framtíðar.

Sveitarfélög í landinu eru einnig að undirbúa umfangsmiklar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs sem taka munu gildi 1. janúar 2023. Breytingunum er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs. Markmið hringrásarhagkerfisins er að það myndist lokað efnahagslegt kerfi þar sem hráefni fer í endurvinnslu og sem minnst skili sér til endanlegrar förgunar með urðun eða brennslu. Ljóst er að öll sveitarfélög munu þurfa að endurskoða þau stjórnæki sem þau hafa á grundvelli laga um meðhöndlun úrgangs. Hér má nefna svæðisáætlunum um meðhöndlun úrgangs, samþykktir Flóahrepps um meðhöndlun úrgangs og gjaldskrár fyrir úrgangsmeðhöndlun.

Fimmtudaginn 25. ágúst síðastliðinn var formleg vísluathöfn á nýrri móttökustöð fyrir seyru á Flúðum. Guðlaugur Þór Þórðarson Umhverfis-, orku- og auðlindaráðherra opnaði móttökuna formlega að viðstöddum gestum. Stöðin fékk nafnið Seyrustaðir en að verkefninu standa, ásamt Flóahreppi, sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Jafnframt losa sveitarfélögin Rangárþing Ytra, Rangárþing Eystra og Sveitarfélagið Ölfus seyru á Seyrustöðum. Afvatnaðri og kalkaðri seyru er yfirborðsdreift í landgræðslugirðingu á Hrunamannafrétti með góðum árangri í uppgræðslu. Það er mikilvægt að íbúar Flóahrepps passi vel uppá hvað fer í rotþrær en á heimasíðu seyruverkefnisins www.seyra.is má sjá ýmsar upplýsingar um rotþrær o.fl. Þjónustusími seyru er 832-5105 og netfangið er seyra@seyra.is. Íbúar eru beðnir um að hafa beint samband við þjónustufulltrúa seyruverkefnis vegna mála sem snúa að tæmingum rotþróa og annað því tengdu.

Ný fjallaskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna hefur verið samþykkt og auglýst í B-deild stjórnartíðinda. Breyting hefur orðið á dagsetningu rétta og eru þær nú fyrir en áður. Réttað verður í Reykjaréttum laugardaginn 10. september.

Nefndir sveitarfélagsins eru þessar vikurnar að boða til fyrstu funda eftir kosningar. Á heimasíðu Flóahrepps má sjá nöfn og netföng formanna nefnda og eru íbúar Flóahrepps hvattir til þess að senda erindi á nefndir eins og við á.

Skrifstofa Flóahrepps er opin frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum. Síminn 480 4370 er opin frá kl. 9:00-13:00 alla virka daga.

Ritari:

Anna Dóra Jónsdóttir anna@floahreppur.is

Launafulltrúi/bókhald:

Hafdís Júlía Hannesardóttir hafdis@floahreppur.is

Sveitarstjóri:

Hulda Kristjánsdóttir floahreppur@floahreppur.is

*Bestu kveðjur frá skrifstofu Flóahrepps
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*



Nú er vetrarstarf Þjótanda að hefjast. Æfingátímar veturinn 2022-2023 verða þessir:

Þjótandaæfingar:

Æfingar fyrir **2.- 4. bekk** verða á föstudögum innan stundatöflu Flóaskóla, hefjast eftir hádegismat og eru til kl. 13:30.

Æfingarnar verða fyrst um sinn haldnar á íþróttasvæðinu við Flóaskóla en færast yfir í Þingborg þegar veður versnar. Þjálfari Örvar Rafn Hlíðdal. Fyrsta æfing 2. september.

Skráning fyrir veturinn þarf að berast fyrir fyrstu æfingu á netfangið orvar@floaskoli.is

Æfingar fyrir **5.-6. bekk** verða í Þingborg á þriðjudögum. Rúta keyrir frá Flóaskóla kl 13:40 og æfingunni líkur kl 15:30.

Foreldrar sækja í Þingborg. Þjálfari Guðmunda Bríet Steindórsdóttir. Fyrsta æfing 30. ágúst.

Skráning fyrir veturinn þarf að berast fyrir fyrstu æfingu á netfangið orvar@floaskoli.is svo hægt sé að skipuleggja akstur.

Æfingar fyrir **7.-10. bekk** verða í Þingborg á þriðjudögum frá 16:00-17:30. Þjálfari Örvar Rafn Hlíðdal. Foreldrar keyra og sækja. Fyrsta æfing 30. ágúst.

Á Þjótandaæfingum verða stundaðar fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í bland við leiki og frjálssar íþróttir. Foreldrar eru hvattir til að skiptast á um akstur til og frá æfingum.

Glímuæfingar:

Glímuæfing fyrir 3.-5. bekk á mánudagskvöldum frá 18:00-19:00 í Félagslundi. Fyrsta æfing 5. september.

Glímuæfing fyrir 6.-10. bekk á mánudagskvöldum frá 19:00-20:30 í Félagslundi. Fyrsta æfing 5. september.

Þjálfarar eru Stefán Geirsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson.

Á glímuæfingum er æfð íslensk glíma í bland við leiki og annað skemmtilegt.

Nýir iðkendur eru sérstaklega hvattir til að mæta og prufa þessa skemmtilegu íþrótt.

Allar íþróttæfingar Umf. Þjótanda eru gjaldfrjálssar, en foreldrar eru hvattir til að greiða árgjald félagsins þegar það verður innheimt.

Þjótandahúfur

Á aðalfundi Þjótanda í febrúar sl. var samþykkt tillaga um ráðstöfun þeirra fjármuna sem féllu til eftir slit Þorablótsdeildarinnar. Á fundinum var ákveðið að kaupa húfur merktar félaginu og afhenda öllum nemendum Flóaskóla að gjöf. Nú eru húfurnar væntanlegar, og verða þær afhentar þeim nemendum sem vilja nú í september. Aðrir sem vilja eignast húfu geta keypt hana gegn vægu gjaldi. Þetta verður allt auglýst nánar síðar, fylgist með.

Vinningshafar í Sá ég spóa 2022

Nú er útivistarverkefni Umf Þjótanda - Sá ég spóa lokið þetta sumarið og búið að draga út vinningshafa. Til að lenda í pottinum var nauðsynlegt að hafa skrifað í gestabækur allra fimm áfangastaðanna. Þátttaka var ágæt, en 88 manns skráðu nafn sitt í gestabók, þar af flestir í bókina við Eyrarnar við Ferjunes.

Vinningarnir voru glæsilegir í ár.

Vinningur nr 1:

Sögu- og matarferð um Selfoss. Gildir fyrir fjölskyldu og inniheldur bæði mat og drykk ásamt leiðsögn www.selfosstours.is

Gefendur eru Tómas Þóroddsson í Skógsnesi og Helga Gísladóttir landeigandi í Skógsnesi.

Vinningshafi er: Steinunn Lilja Kristinsdóttir, Vatnsholti 3.

Vinningur nr 2:

Veiðileyfi 1 dag í Hvítá við Hallanda www.hallandi.com

Gefendur eru Magnús St. Magnússon og Ingunn Jónsdóttir í Hallanda

Vinningshafi er: Stefán Orri Guðjónsson, Syðri-Hömrum í Ásahreppi.

Umf Þjótandi óskar þeim Steinunni Lilju og Stefáni Orra innilega til hamingju.

Landeigendum og gefendum vinninga er kærlega þakkað fyrir stuðninginn. Haft verður samband við verðlaunahafa innan skamms.

Stjórn Umf Þjótanda



RORUM

Ramsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Fullorðinsfrjálsar

Við viljum vekja athygli á frjálsípróttæfingum fyrir fullorðna, sem verða í boði í Selfosshöllinni tvisvar í viku í vetur. Það er Frjálsípróttadeild Umf. Selfoss sem stendur fyrir æfingunum, en allir sem vilja eru velkomnir, óháð búsetu og félagsaðild. Æfingarnar henta fyrir alla, bæði þá sem vilja rifja upp fyrri afrek á keppnisvælinum, en líka fyrir þá sem vilja bara komast í betra form sér til ánægju og heilsubótar. Hver og einn getur s.s. æft á sínum forsendum. Þjálfari er Rúnar Hjálmarsson og nánari upplýsingar um tímasetningar og verð eru á heimasíðu Umf. Selfoss, www.selfoss.net

Fréttir frá Flóaskóla



Skólasetning Flóaskóla fór fram 22. ágúst síðastliðinn. Loksins gátu nemendur mætt á sal í Þjórsárveri með forráðamönnum þar sem skólastjóri setti skólaárið 2022-2023. Að því loknu hélt hver árgangur til kennslustofu með sínum umsjónarkennara. Þar var farið yfir skipulag skólafarsins auk þess sem markmið og námsefni vetrarins var kynnt. Skólafarið fer vel af stað og í síðustu viku fóru allir árgangar í haustferðir. 1.-4. bekkur heimsótti Skagás, 5.-6. bekkur skundaði upp á Miðfell, 7.-8. bekkur fór í Þjórsárdal og 9.-10. bekkur fór í Þórsmörk og gisti þar eina nótt. Markmið haustferða eru að efla nemendur og stuðla að aukinni samheldni innan hópsins. Við höldum áfram með helstu verkefni líkt og grænfána, heilsueflandi grunnskóla, uppeldi til ábyrgðar, skólahreysti og fleira skemmtilegt.

Með kveðju frá starfsmönnum Flóaskóla

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Þriðjudaginn 27. september n.k. kl. 20:00 verður haustfundurinn okkar haldinn í Þjórsárveri. Við bjóðum velkomnar konur sem vilja kynna sér starfið okkar og þær sem hafa áhuga, endilega mætið á fundinn.

Kaffikonur eru: Elfa, Sirrý, Kristín Stefáns og Helena.

Haustkveðjur, Stjórnin



ULLARVIKAN

South Iceland 2022

WOOL WEEK

2. - 9. október

DAGSKRÁ ULLARVIKUNNAR 2022

Laugardagur 1.október

13:00-16:00 | Hella: **Dagur Sauðkindarinnar**

Sunnudagur 2.október

14:00-16:00 | Árbæjarhjáleiga: **LITASÝNING**
Fjárræktarfélagið „Litur“

Mánudagur 3.október

11:00-15:00 | Uppspuni: **Tröllabandsprjón**
hægt að koma og læra að prjóna sessur úr tröllabandi með tröllapryjónum.

Þriðjudagur 4.október

11:00-15:00 | Uppspuni: **Litunardagur**
handlitun í potti til sýnis.

Miðvikudagur 5.október

15:00-18:00 | Uppspuni: **Víkingastemning**
víkingar sýna handverk og bjóða uppá ketilkaffi.

Fimmtudagur 6.október

14:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**, opnun á sýningunni: „Sýnishornið“.

19:30-20:30 | Fél. Þingborg: **Fyrirlestur um**

peysuprjón - Guðrún Hildur Rosenkjær (Annríki)

20:30-22:00 | Fél. Þingborg: **Prjóna og spunakvöld**

Föstudagur 7.október

10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**

11:00-15:00 | Uppspuni: **Opið hús** í verksmiðjunni

12:00-18:00 | **Vinnustofur opnar hjá níu**

Spunasystemum (sjá ★ á korti fyrir staðsetningar)

opið til 21.00 á ★ **Þykkvabæjarklaustri**.

19:30-22:00 | Hespa: **Prjóna- og spunakvöld**
velkomið að mæta með vín.

Laugardagur 8.október

10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**

12:00-18:00 | **Vinnustofur opnar hjá níu**

Spunasystemum (sjá ★ á korti)

11:00-15:00 | Uppspuni: **Rúningur & opið fjárhús**

hægt að velja reyfi til þess að láta spinna band

16:00-18:00 | Hespa: **Opinn fyrirlestur & kynningu**

á „Indigó-blái liturinn“.


Sunnudagur 9.október

10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Markaður**,
Prjónakaffihús, matarvagnar.

www.ullarvikan.is



opnar vinnustofur
garnbúðir & prjónakaffi
litasýning & rúningur



Skemmtiferð 60 ára og eldri í Flóahreppi

Að venju standa kvenfélögin í Flóahreppi fyrir skemmtiferð fyrir íbúa 60 ára og eldri, sem farin verður miðvikudaginn 14. sept. næstkomandi.

Það verður Hrunamannahreppur sem við skoðum að þessu sinni undir leiðsögn Guðbjargar Runólfsdóttur á Flúðum. Farið verður með rútu sem leggur af stað frá Félagslundi kl 12:00, Þjórsárveri kl 12:15 og Þingborg kl 12:30

Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi sunnudaginn 11.sept.

Margrét Gerðum s.864-1908

Sigríður Hallanda s. 824-5598

Kristín Hurðarbaki s. 862-3417

Nú skellum við okkur í uppsveitirnar og eigum góðan dag saman.

Ferðanefndin

Óskað er eftir áhugasömum aðilum í öldungaráð Uppsveita og Flóa

Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur standa að sameiginlegu öldungaráði Uppsveita og Flóa. Öldungaráðið heyrir undir sveitarstjórnir sveitarfélaganna og er sveitarstjórnnum, samráðshópum um málefni aldraðra og heilsueflandi samfélagi í sveitarfélögunum til ráðgjafar. Tilnefndur er einn aðalmaður og einn varamaður. Við óskum hér með eftir tilnefningum eða áhugasömum einstaklingum til að taka þátt í starfi öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

Áhugasömum bent á að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is

F.h sveitarstjórnar Flóahrepps
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Helgihald í Hraungerðiskirkju, Villingaholtskirkju og Laugardælakirkju

9. október, 17. sd. e.prenningarhátíð. Hraungerðiskirkja kl. 13:30. Prestur: Guðbjörg Arnardóttir. Organisti: Guðmundur Eiríksson

6. nóvember, allra heilagra messa. Villingaholtsskirkja kl. 13:30. Prestur: Gunnar Jóhannesson. Organisti: Guðmundur Eiríksson

4. desember – annar sunnudagur í aðventu. Hraungerðiskirkja, Aðventuhátíð kl. 20:00. Prestur: Arnaldur Bárðarson. Organisti: Guðmundur Eiríksson Sameiginleg aðventuðhátíð fyrir sóknarbörn Villingaholts- og Hraungerðissókna

25. desember – jóladagur. Hraungerðiskirkja Hátíðarguðspjónusta kl. 11:00. Prestur: Arnaldur Bárðarson. Organisti: Guðmundur Eiríksson

Laugardælakirkja. Hátíðarguðspjónusta kl. 13:00. Prestur: Arnaldur Bárðarson. Organisti: Guðmundur Eiríksson

26. desember – annar dagur jóla. Villingaholtskirkja. Hátíðarguðspjónusta kl. 11:00. Prestur: Guðbjörg Arnardóttir. Organisti: Guðmundur Eiríksson

Ljósheimar- Hátíðarhelgistund kl. 13:00. Prestur: Guðbjörg Arnardóttir.

Til athugunar er að haldin verði þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju 6. nóvember, það verður auglýst betur seinna, eða í október Áveitunni.

F.h. sóknarnefndanna, Sólveig Þórðardóttir, Villingaholtssókn.

Meðhjálpari óskast í Villingaholtskirkju

Kæru sveitungar, auglýst er eftir meðhjálpara sem er til aðstoðar við kirkjulegar athafnir. Meðhjálpari er til aðstoðar í kirkjulegum athöfnum, yfirleitt eru um 5 athafnir á hverju ári. Það er messað á páskum, hvítasunnu og jólum, sem og tvær almennar messur, ein fyrir áramót og ein eftir áramót. Samvinna við sóknarnefnd ef meðhjálpari getur ekki mætt, þá er hægt að aðstoða við afleysingu. Allar nánari upplýsingar má fá hjá Guðbjörgu Arnardóttur sóknarpresti, s: 865 4444, eða á netfangið; gudbjorg.arnardottir@kirkjan.is, eða hjá Sólveig Þórðardóttir formanni sóknarnefndar í síma 869 6534, netfang; skufslaekur2@gmail.com .

Dagskrá mánaðarins

Æfingar í Þingborg	2. september
Glímuæfingar í Félagslundu hefjast	5. september
Æfingar í Þingborg	6. september
Æfingar í Þingborg	9. september
Réttað í Reykjaréttum	10. september
Glímuæfingar í Félagslundu	12. september
Æfingar í Þingborg	13. september
Skemmtiferð 60 ára og eldri	14. september
Æfingar í Þingborg	16. september
Glímuæfingar í Félagslundu	19. september
Æfingar í Þingborg	20. september
Æfingar í Þingborg	23. september
Glímuæfingar í Félagslundu	26. september
Æfingar í Þingborg	27. september
Hautfundur kvenfélags Villingaholtshrepps	27. september
Æfingar í Þingborg	30. september

